179 8. des.

7. grein.

Sektir allar eptir 3.—6. grein falla að hálfu til fátækrasjóðs, að hálfu til uppljóstursmanns. Sekt og afli tilfellur fátækrasjóði í þeim hreppi, sem sá, er brýtur, rær frá.

8. grein.

Í hreppum þeim, sem samþykkt þessi nær yfir, skipar sýslumaður tilsjónarmenn, svo marga, sem þörf er á, til að gæta þess, að eigi sje brotið á móti samþykkt þessari. Í Reykjavíkurbæ skipar bæjarfógetinn sömuleiðis hæfilega marga tilsjónarmenn.

9. grein.

Það sem eigi er tekið upp í samþykkt þessa úr hinum eldri samþykktum frá 9. júní 1885 og 11. janúar 1888, fellur úr gildi, þá er samþykkt þessi hefur náð gildi

* * *

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1891, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Suðuramt, Reykjavík, 8. desbr. 1890.

E. Th. Jónassen.

180 8. des.

II. Samþykkt

um brúkun ýsulóðar í sunnanverðum Faxaflóa.

1. grein.

Í þeim hreppum og bæjarfjelagi, sem samþykkt þessi nær yfir, sem er: Rosmhvalanesshreppur, Njarðvíkurhreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnarnesshreppur og Reykjavíkurbær, má enginn leggja ýsulóð í sjó á tímabilinu frá 1. janúar til 11. maí ár hvert, hvort sem fiskimenn eiga heima í hreppum þessum, eða róa þaðan styttri eða lengri tíma.

Heimilt skal þó þeim, sem búsettir eru í Garði, að leggja lóðir þær, er þeir eiga sjálfir, fyrir utan beina línu, Kolbeinsstaðavörðu um Útskála og ekki dýpra en svo kallað «Djúpaskarð».

2. grein.

Í hreppum þeim, sem samþykkt þessi nær yfir, skipar sýslumaður tilsjónarmenn svo marga sem þörf er á, til að gæta þess, að eigi sje brotið á móti samþykkt þessari, en í Reykjavík skipar bæjarfógetinn sömuleiðis hæfilega marga tilsjónarmenn.

3. grein.

Nú verður fiskimaður brotlegur á móti 1. grein, skulu þá skipaðir tilsjónarmenn upptaka og flytja í land lóðir þær, sem brúkaðar eru gagnsætt ákvæðum hennar, þótt yfirvald eigi hafi úrskurðað, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og málavöxtu, og skal hann með úrskurði ákveða, að lóðin skuli höfð í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð lögreglustjóra um það, að sá, sem veiðarfærin voru upptekin fyrir, sje sýknaður með dómi, eða málssókn gegn honum sje niðurfallin,

eða að hann hafi greitt sektir þær, sem honum hafa verið gjörðar, eða sett fyrir þeim fullgilda tryggingu. 180 8. des.

4. gr.

Afli sá, sem fenginn er með aðferð, sem er á móti 1. grein, skal upptækur vera, og andvirði hans rennur að hálfu í fátækrasjóð og ¼ til uppljóstursmanns. og ¼ til þess, sem upptekur. Sá er brotlegur hefur orðið, greiði þess utan sekt frá 5—500 króna, er skiptist á sama hátt og aflinn.

Sektir og andvirði afla tilfalli fátækrasjóði í þeim hreppi, sem sá, er brýtur, rær frá.

* *

*

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1891, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni,

Íslands Suðuramt, Reykjavík 8. desbr. 1890.

E. Th. Jónassen.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* viðvíkjandi veiting Hvamms-prestakalls. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 17. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi síra Jóns Guttormssonar, sóknarprests að Hjarðarholti og prófasts í Dalaprófastdæmi, út af því, að Hvamms-prestakall í nefndu prófastdæmi, sem endurstofnað var með lögum nr. 16. 22. marz þ. á. hafði verið auglýst til veitingar 20. maí þ. á. og útaf því að þjer höfðuð látið biskup tilkynna honum, að nefnt prestakall mundi verða veitt með öllum rjettindum frá fardögum 1890, þannig að prestar þeir, sem þjónað hefðu sóknum prestakallsins, Hvammsókn og Staðarfellssókn, þ. e. málshefjandinn sjálfur og presturinn að Skarðs-þingum, yrðu að koma sjer saman við hinn nýja prest um tiltölulega þóknun fyrir starfa þeirra, og gjörir hann þá fyrirspurn í nefndu erindi: 181 7. nóv.

1. hvort nýnefnd lög hafi eptir fyrmælum 1. greinar í lögum nr. 11, 24. ágúst 1877 getað öðlast gildi fyrr en 12 vikum eptir að auglýst hafði verið í B-deild Stjórnartíðindanna að lögin væru út komin í A-deildinni, og
2. frá hvaða tíma presti þeim, sem veitingu kynni að fá fyrir Hvamms-prestakalli, beri samkvæmt 1. og 3. grein í tilsk. 6. jan. 1847 rjettur til tekna af brauðinu.

Viðvíkjandi þessu hafið þjer tekið fram, að sameining sú á Hvamms- og Ásgarðssókn við Hjarðarholtsprestakall, sem ákveðin er í lögum 27. febr. 1880, hafi aldrei komizt á af þeirri ástæðu, að málshefjandi, síra Jón Guttormssom, hafi neitað því að taka við tjeðum sóknum með þeim kjörum, sem sett eru í umgetnum lögum, og að Hvamms-prestakall hafi þannig í verunni staðið óveitt síðan 1881, en sóknum þeim tveimur, sem í því eru, Hvammssókn og Staðarfellssókn, hafi að eins til bráðabirgða verið þjónað af málshefjanda og prestinum til Skarðs-þinga, og látið þjer í ljósi að jafnvel þótt eigi verði álitið, að lög 22. marz þ. á. hafi öðlazt gildi fyrr en 12 vikum eptir að auglýst var í B-deild Stjórnartíð., að þau væru út komin, eða hinn 5. d. ágústm. þ. á., þá hafi biskupi að yðar áliti borið bæði rjettur og skylda til þess, þegar er hann hafði fengið vitneskju um, að lögin væru út komin, að gjöra ráðstafanir til, að Hvamms-prestakall gæti orðið veitt svo fljótt sem auðið væri eptir að lögin hefði öðlazt gildi; enn-